

67. kirkjuþing 2025-2026

2. mál – Þskj. 2b

Nefndarálit og þingsályktun

við tillögu til þingsályktunar um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2026.

Frá fjárhagsnefnd

Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Fjárhagsnefnd fagnar þeim árangri sem náðst hefur í fjármálum á síðustu árum.

Fjárhagsnefnd þakkar starfsfólki Þjóðkirkjunnar fyrir þeirra störf og það aðhald sem þau hafa sýnt við reksturinn.

Fjárhagsnefnd fagnar því sérstaklega að veita skuli kr. 110.000.000 til viðbótar til viðhalds eigna Þjóðkirkjunnar sem tekið er af áætluðum vaxtatekjum af varasjóði.

Fjárhagsnefnd lýsir yfir ánægjunni sinni með að stjórn hefur ákveðið að láta gera úttekt og tillögur að innri endurskoðun Þjóðkirkjunnar og væntir þess að niðurstöður liggi fyrir við vorþing 2026.

Fjárhagsnefnd telur mikilvægt að gerð verði verkefnatengd fjárhagsáætlun til fimm ára og hugað verði að fjárfestingastefnu Þjóðkirkjunnar, fasteignastefnu og þjónustustefnu sem fram komi í langtímaáætlun. Nefndin leggur til að kirkjuþing samþykki eftirfarandi

þ i n g s á l y k t u n:

Kirkjuþing 2025 - 2026 samþykkir fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2026 eins og hún birtist á þskj. 2a.

Reykjavík, 27. október 2025

Fjárhagsnefnd

Arna Grétarsdóttir

Árni Helgason

Einar Örn Björgvinsson

Einar Már Sigurðarson

Guðni Már Harðarson

Hildur Inga Rúnarsdóttir

Hjörleifur Þórarinnsson

Sigurður Grétar Sigurðsson, starfandi formaður

Steindór R. Haraldsson